

(B. XXII, 1).

Ná.

50. Frumvarp

til laga um sjerstakt lestagjald af útlendum vöruflutningaskipum.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Af öllum útlendum skipum, sem vörur flytja til Íslands eða frá því, skal greiða í ríkissjóð 20 kr. gjald af hverri smálest (brúttó) skipsins. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti er slept.

2. gr.

Gjald þetta greiðist á fyrstu höfn, sem skipið kemur á frá útlöndum. Fari sama skipið fleiri en eina ferð árlega milli Íslands og útlanda, greiðist hálf gjaldið í hverri af síðari ferðunum.

3. gr.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans full skilríki fyrir því, hvert sje smálestatal skipsins.

4. gr.

Eigi má byrja af afferma skip í höfn, eða að ferma það, fyr en gjald þetta er greitt eða full trygging sett fyrir greiðslu þess.

5. gr.

Stjórnarráði Íslands er heimilt að gera samning við stjórnir þeirra ríkja, sem að dómi þess veita Íslandi hagstæð tollakjör fyrir íslenskar afurðir, um undanþágu frá gjaldi þessu.

6. gr.

Nú er sótt um undanþágu frá gjaldi þessu, og skal þá umsækjandi sanna það fyrir lögreglustjóra eða öðrum innheimtumanni rikissjóðs, að skip það, sem sótt er um undanþágu fyrir, sje skrásett í því landi, sem slíkan samning hefir gert við stjórnarráð Íslands, sem um ræðir í 5. gr., eða fengið undanþágu samkvæmt 7. gr.

7. gr.

Þangað til þeir væntanlegu samningar eru gerðir, sem um ræðir í 5. gr., hefir stjórnarráð Íslands heimild til að veita undanþágu þá, er þar getur, og tilkynnir innheimtumönnum rikissjóðs nöfn þeirra landa, sem hennar skulu njóta. Þó stendur þessi heimild ekki lengur en til 1. jan. 1925.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—5000 kr. Sektirnar renna í rikissjóð.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 6. gr. sakamálsmeðferð.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Um ástæðuna til framkomu frv. þessa visast til greinargerðar við frv. til laga um síldarbræðslu, á þingskjali 49.

En um frv. þetta sjerstaklega skal eftirfarandi tekið fram.

Skýrsla frá Hagstofu Íslands ber það með sjer, að samkvæmt bráðabirgða-upptalningu úr skýrslum lögreglustjóra um komin verslunarskip, hafa árið 1922 komið hingað til lands 127 norsk verslunarskip, er voru samtals 53127 smálestir. Er það tekið fram, að skip, sem koma oftar en einu sinni á ári, eru talin í hvert sinn sem þau koma.

Nú er það alkunnugt, að Norðmenn hafa lagt mikið kapp á það upp á síðkastið að auka bæði verslun sína og siglingar hjer við land, enda mun það ekki ofmælt, að mjög mikið af íslenska saltfiskinum er flutt með norskum skipum til suðurlanda. Er það því næsta sennilegt, að enn meira sje það nú en var árið 1922, sem flutt er fyrir Íslendinga á norskum skipum.

Hefir framkvæmdastjóri Eimskipafjelags Íslands áætlað, að að meðaltali muni þessi norsk skip hafa fengið 50 kr. borgun á smálest fyrir flutninginn. Tekjur þeirra af þessum flutningum ættu því að hafa numið meiru en $2\frac{1}{2}$ milj. króna árið 1922.

Af ástæðum þeim, sem vitnað er til hjer að framan, virðist rjett að ríkissjóður Íslands hafi tekjur af atvinnurekstri þessum, og er ætlast til, að það fáist með frv. þessu.